

Alþjóðlega ráðstefnan [You Are In Control \(YAIC\)](#) verður haldin í Reykjavík í sjöunda sinn dagana 03. og 04. nóvember 2014 í Bíó Paradís. Sem fyrr mætast á ráðstefnunni skapandi greinar; hönnun, tónlist, bókmenntir, tölvutækni, leiklist, kvikmyndagerð og myndlist.

Þemað í ár er **Skapandi samsláttur** (e. Creative Synergy), þar sem áhersla er lögð á verkefni og skapandi fólk sem vinnur þvert á eða milli listgreina og rýnt í hvaða nýju tækifæri er að finna í þessum samslætti.

Dagskrána og skráningu á ráðstefnunna er að finna á www.youareincontrol.is

Christine Boland, hún er sannkallaður alkemisti og er fræg fyrir svokallað "*Trend Forecasting*" á sviði tísku, hönnunar og neyslumynstri. Bandaríski tónlistarmaðurinn **Zebra Katz** sem hefur fengið verðskuldaða athygli fyrir að vinna þvert á listgreinar í tónlist sinni. Hann kemur einnig fram á **Iceland Airwaves** hátíðinni í ár. **Nelly Ben Hayoun** hefur verið nefnd "*Willy Wonka hönnunar og vísinda*". Hún er upplifunarahönnuður og þúsundþjalasmiður sem vinnur með vísindamönnum, verkfræðingum og listamönnum og hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín. Hún er stjórnandi **The International Space Orchestra** og vinnur m.a. með **NASA**, **The SETI Institute** og **WeTransfer**. **Vala Halldórsdóttir**, aðalritstjóri **QuizUp**, frumkvöðull og leikstjóri. **Edward Nawotka**, ritstjóri og stofnandi Publishing Perspectives sem er leiðandi netímarit um útgáfumál og hefur verið nefnt "*BBC bókaheimsins*". **Ragnar Kjartansson** myndlistarmaður og ótvíræður meistari skapandi samsláttar. Verk Ragnars hafa verið sýnd út um allan heim, m.a. í **New Museum**, **ICA Boston**, **Museo Guggenheim Bilbao**, **Carnegie Museum of Art** og **MoMA PS1** svo eitthvað sé nefnt.

Fyrir utan glæsilega og vandaða dagskrá með fyrirlesurum bíður YAIC upp á fjölmargar vinnustofur og uppákomur tengdum þema ársins í ár. Vinnustofurnar eru undir forsjá og beintengdar hverri miðstöð fyrir sig og gerast víðsvegar um bæinn.

Ráðstefnan er ein sinnar tegundar, hana sækja listamenn og skapandi frumkvöðlar í bland við erlenda gesti og þátttakendur á heimsmælikvarða. Fyrirlestrar, skemmtilegar vinnustofur, pallborðsumræður og lokapartý sem enginn mun gleyma. Þetta er sannkölluð hátíð skapandi greina á Íslandi.

Miðakaup fara fram á youareincontrol.is/register-now

Um You Are In Control

You Are In Control er framleidd af Íslandsstofu í samstarfi við miðstöðvar skapandi greina: Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Hönnunarmiðstöð Íslands, Samtök íslenskra leikjaframleiðanda, Miðstöð íslenskra bókmennta, Leiklistasamband Íslands og Íslensku tónverkamiðstöðina.

Fésbókarsíða YAIC er:

facebook.com/youareincontrol